

15. nóvember 2006
SÍ 31026

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. nóvember s.l. var óskað umsagnar Seðlabanka Íslands um framvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, 22. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er lögð til breyting á vaxtabótum í takt við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í júní s.l. til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Seðlabankinn bendir á þá almennu staðreynd að niðurgreiðsla á lánsfé, sem vaxtabætur óhjákvæmilega eru, eru til þess fallnar að auka skuldsetningu almennings og draga úr sparnaði. Þetta er sérstaklega óheppilegt við aðstæður eins og nú ríkja þar sem nauðsynlegt er að draga úr þenslu og auka sparnað.

Að öðru leyti kýs Seðlabankinn að gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðinguri

Afrit: Fjármálaeftirlitið